

Byggðasafn Árnesinga

Ársskýrsla 2014



Efnisyfirlit	2
Formáli	3
Opnunartími og gestafjöldi 2014	3
Starfsfólk	4
Húsakynni	4
Skráningarkerfi og aðföng	6
Aðstaða til varðveislu	7
Rannsóknir	7
Sýningar, viðburðir og önnur miðlun 2014	8
Bókin Húsið á Eyrarbakka	13
Sjóminjasafnið á Eyrarbakka	14
Rjómabúið á Baugsstöðum	15
Samstarf	16
Fundir, námskeið og ráðstefnur	17
Kynningar- og markaðsmál	17
Kirkjubær	18
Héraðsnefnd og fagráð	19
Helstu tölur úr rekstrarreikningi 2014 og eigið fé	20



www.husid.com



Ljósmyndir í skýrslunni eru teknar af starfsmönnum safnsins nema annað sé tekið fram.

Formáli

Starfsemi Byggðasafns Árnesinga og Sjóminjasafnsins á Eyrarbakka var með hefðbundnum hætti árið 2014. Við söfnin var unnið að verkefnum samkvæmt stofnskrám og öðrum samþykktum - að söfnun, skráningu, varðveislu og miðlun. Þau voru opin á auglýstum tímum og eftir samkomulagi allt árið.

Fjórar sérsýningar voru settar upp á árinu. Söfnin á Eyrarbakka voru þátttakendur í bæja- og menningarhátíðum. Í Eggjaskúrnum voru settar upp tvær myndlistarsýningar og boðið var upp á opið hús í Kirkjubæ. Beitningaskúrinn var opinn eftir þörfum.

Áfram var haldið með átak í skráningu og forvörslu safnmuna. Mikið starf var unnið í geymslum safnsins við



skráningu á aðföngum síðustu ára sem og frágangi á safnmunum til framtíðar samkvæmt leiðbeiningum forvarða.

Byggðasafn Árnesinga keypti húsið Kirkjubæ á Eyrarbakka í desember 2011 og hyggst nýta til sýningahalds. Unnið var að endurbótum innandyrna á húsinu á árinu og húsið gert hæft til sýningahalds og garðinum umhverfis var haldið við. Lagðar voru fram hugmyndir að sýningu í Kirkjubæ.

Opnunartími og gestafjöldi 2014

Opið var á söfnunum á Eyrarbakka alla daga frá 1. maí til 30. september kl. 11-18. Einnig var safnið opnað um páskana, á safnahelgi í nóvember og einn dag á jólaföstu. Jafnframt var opnað fyrir skólum og hópum á öðrum tímum. Almennur aðgangseyrir var kr. 800.

Fjöldi gesta í söfnin árið 2014 varð 4.381, þar af 1.680 erlendir gestir og u.þ.b. 100 í skólahópum.

Fjöldi gesta í Húsið árið 2013 varð 4.693, þar af 1.636 erlendir gestir og upb. 130 í skólahópum.

Fjöldi gesta í Húsið árið 2012 varð 4.297, þar af 1.057 erlendir og upb. 100 í skólahópum.

Fjöldi gesta í Húsið árið 2011 varð 3.721, þar af 651 erlendir og 360 í skólahópum.

Mælitæki við skráningu gesta er nákvæm og áræðanleg talning starfsmanna. Mælingar sýna að um 80% af gestum Hússins koma jafnframt í Sjóminjasafnið á Eyrarbakka.

Í þjónustuhúsi Byggðasafns Árnesinga að Hafnarbrú 3 á Eyrarbakka skrifuðu 190 gestir í gestabók. Gestir komu í margvíslegum erindagjörðum. Árið 2013 skrifuðu 154 nafn sitt í gestabókina og 2012 skrifuðu 103.

Starfsfólk

Lýður Pálsson, sagnfræðingur BA, *safnstjóri* í 100% stöðu. Starfsvið safnstjóra er viðtækt: Hann starfar eftir starfslýsingu safnstjóra, ber ábyrgð á daglegum rekstri safnsins og fjárreiðum, er talsmaður safnsins, skipuleggur starfsemina og ber ábyrgð á ráðningu annars starfsfólks.

Linda Ásdísardóttir íslenskufraeðingur BA og nemi í safnafræði, *safnvörður* í 100% stöðu. Hennar verkefni felast fyrst og fremst í skráningu og margvíslegri umsýslu safnmuna, uppsetningu sýninga, sömuleiðis leiðsögn og gæslu.

Inga Hlín Valdimarsdóttir fornleifafræðingur starfaði sem safnvörður við safnið til loka september. Störf hennar voru fyrst og fremst skráning og skyld störf sem og gæsla og leiðsögn í Húsinu og Sjóminjasafninu.

Jón Tryggvi Unnarsson starfaði í gæslu um sumarið aðallega í Sjóminjasafninu. Jón Tryggvi starfaði einnig í febrúar við skráningu.

Ruth Ásdísardóttir bókmenntafræðingur stóð vaktir í Húsinu og Sjóminjasafninu um sumarið.

Jensína Jensdóttir starfaði lítillega við gæslu og leiðsögn í Húsinu yfir sumartímann.

Lena Sigmundsdóttir er ræstitæknir safnanna.

Guðjón Guðmundsson rafvirki er einnig á launaskrá vegna öryggismála.

Guðmunda Ólafsdóttir safnfræðinemi vann sem sjálfboðaliði á safninu í ágúst og september. Var það liður í námi hennar þar sem hún fékk þjálfun í safnfræðilegum vinnubrögðum.

Súsanna Torfadóttir garðyrkjufræðingur vann lítillega um sumarið sem sjálfboðaliði við umhirðu garðsins í kringum Kirkjubæ.



Húsakynni

Tólf hús tengjast starfsemi Byggðasafns Árnesinga að hluta eða öll leyti.

Þjónustuhús með skrifstofu og aðalgeymslum safnanna er að Hafnarbrú 3 á Eyrarbakka.

Húsið og Assistantahúsið hýsa grunnsýningu Byggðasafns Árnesinga. Þar eru einnig Eggjaskúrinn og útihúsin.

Byggðasafn Árnesinga rekur Sjóminjasafnið á Eyrarbakka samkvæmt þjónustusamningi en viðhald húseigna Sjóminjasafnsins er í höndum Sveitarfélagsins Árborgar. Hús Sjóminjasafnsins eru sýningahús að Túngötu 59, Mundakotsskemmu, geymsla að Þykkvaflöt 2 og Beitningaskúrinn við Óðinshús.

Umsjón muna Þuríðarbúðar á Stokkseyri heyrir undir Byggðasafn Árnesinga en viðhald og umhirða lóðar er í höndum Sveitarfélagsins Árborgar.

Byggðasafn Árnesinga er 33% aðili að rekstri Rjórnabúsins á Baugsstöðum.

Byggðasafn Árnesinga og Héraðsskjalasafn Árnesinga seldu á árinu húseignina Austurmýri 21 á Selfossi.

Byggðasafn Árnesinga keypti í árslok 2011 húsið Kirkjubæ á Eyrarbakka og hyggst nýta til sýningahalds.

Á árinu 2014 voru ýmis smá viðhaldsverkefni unnið við safnið. Skipt var um timbur á palli þeim sem gestir ganga á inn í Húsið og sá Reynir Jóhannsson smiður um það verk. Bræðurnir Guðmundur og Gísli Kristjánssyni lagfærðu grindverk fyrir framan Húsið sem fauk í ofviðri síðla vetrar. Ýmis viðhaldsverk bíða úrlausnar eins og viðgerð á brunni, viðgerð á grindverki milli Hússins og Assistentahússins og viðgerð á skorsteini Assistentahússins. Einnig er komin þörf á að tjarga Húsið og stóð það til um sumarið en ekki viðraði nægilega vel til þess og því frestað. Tjörgun Hússins og e.t.v. líka að mála Assistentahúsið bíður ársins 2015.

Árið 2012 hófst Þjóðminjasafn Íslands handa um viðgerðir á útihúsunum fyrir norðan Húsið. Útihúsin voru



byggð á tímabilinu 1910 til 1919 og ljóst er t.d. að fjósið og fjárhúsið voru byggð á tímum dönsku kaupmannanna. Fjósið var byggt í gömlum herragarðsstíl og hið elsta á landinu með steiptum flórum. Menningarsögulegt gildi þess er því ótvírætt. Á árinu 2014 var Hjallurinn gerður upp. Hann er núna færður í upprunalega gerð með pappa sem ystu klæðningu á veggjum í stað bárujárns og með rimlum eins og upphaflega var. Hjallurinn var upprunalega reistur í tíð

Kaupfélagsins Heklu árin 1919-1925 en svo var honum breytt talsvert að talið er árin 1932-1935. Verkið vann Jón Karl Ragnarsson húsasmíðameistari fyrir Þjóðminjasafn Íslands.

Skipt var um bárujárn á þaki Sjóminjasafnsins á Eyrarbakka, sjá í kaflanum um Sjóminjasafnið. Enn bíður viðgerð á Mundakotsskemmu. Því húsi hrakar ári til árs og er orðið aðkallandi að skipta um klæðningu á langhliðum og þaki.

Skráningarkerfi og aðföng

Við Byggðasafn Árnesinga fer fram virk söfnun samkvæmt söfnunarstefnu.

Allir safngripir og allar ljósmyndir Byggðasafns Árnesinga og Sjóminjasafnsins á Eyrarbakka eru skráðir í Sarp sem er miðlægur gagnagrunnur rekinn af Rekstrarfélagi Sarps og flest minjasöfn landsins standa að. Á árinu 2011 var farið að skrá í gagnagrunninn Sarp 3.0 sem þróaður hefur verið undanfarin ár. Rekstrarfélag Sarps opnaði með formlegum hætti ytri gátt gagnagrunnsins í september 2013. Slóðin er www.sarpur.is og geta allir með nettengda tölvu skoðað aðfangaskrá Byggðasafns Árnesinga sem og annarra safna á landinu.

Ný aðföng eru skráð í sérstaka handskrifaða aðfangabók. Á grundvelli hennar eru gripir síðar skráðir í Sarp. Við þá skráningu eru helstu upplýsingar um gripinn tíundaðar, eins og útlit, saga, mál, efniviður, gerandi, gefandi, notandi og fleira.

Skráð voru 19 afhendingar við söfnin á árinu 2014, aðallega munir.

Í upphafi ársins voru ýmis aðföng frá síðustu árum óskráð, einkum stórar afhendingar. Á árinu vann Guðmunda Ólafsdóttir safnfræðinemi að nýskráningu aðfanga í Sarp. Eru í dag langflest aðföng síðustu ára skráð. Enn á þó eftir að skrá muni úr dánarbúi Helga Ívarssonar og muni frá Litlu-Háeyri á Eyrarbakka. Linda Ásdísardóttir skráði jarðskjálftasögur frá 2008 í þjóðháttaskrá Sarps.

Fjöldi færslna í Sarpi hjá Byggðasafni Árnesinga var sem hér segir í árslok 2014:

Munir: 7200, nýskráðir voru 372 munir. Ljósmyndir voru 6434 og voru 323 ljósmyndir nýskráðar á árinu.

Fornleifar skráðar í Sarp: 915.

Meðal muna sem safninu bárust skal hér nefna skírnarfont úr Kaldaðarneskirkju sem kom úr dánarbúi Jóns



Bjarna Stefánssonar og Svanborgar Oddsdóttur á Eyrarbakka. Byggðasafn Skagfirðinga afhenti fjölda gripa sem áður hafði safnað Kristján Runólfsson og eiga uppruna að rekja í Árnassýslu. Guðrún Valdimarsdóttir gaf hefil sem eiginmaður hennar Þorsteinn Sigurðsson húsasmíðameistari á Selfossi hafði notað. Ólöf E. Árnadóttir á Selfossi gaf berjahakkavél og fleiri muni úr búi sínu. Og Hildur Hákonardóttir gaf brúna tvíþumla vettlinga og föðurland. Hvortveggja var notað af Þór Vigfússyni en

gert af Kristínu Guðmundsdóttur frá Kálfhóli á Skeiðum. Gefendur 2013 voru:

Héraðsskjalasafn Árnesinga

Oddrún Bjarnadóttir

Byggðasafn Skagfirðinga

Guðrún Valdimarsdóttir

Þorbjörn Sigurðsson

Jeremy Dean Bichard

Guðbjörg Guðjónsdóttir

Villhjálmur Þórhallsson

Ólöf E. Árnadóttir

Inga Kristjánsdóttir

Vikar Pétursson

Inga Lára Baldvinsdóttir

Stefán Stefánsson frá Hliði

Steingrímur Jónsson

Hólmfríður Hafberg

Hildur Hákonardóttir

Ásta Ólafsdóttir

Ása Jóhannsdóttir

Aðstaða til varðveislu

Safnmunir eru varðveittir í öllum byggingum Byggðasafns Árnesinga og Sjóminjasafnsins á Eyrarbakka.



Varðveisluskilyrði eru misjöfn. Í þjónustuhúsi Byggðasafns Árnesinga er góð aðstaða til varðveislu safnmuna en viðunandi víðast annarsstaðar. Mundakotsskemma líður fyrir skort á viðhaldi og er aðgerða þörf. Í öllum húsunum, að undanskilinni Mundakotsskemmu, Beitningaskúrnum og útihúsunum, eru öryggiskerfi og í Húsinu og Assistentahúsinu vatnsúðunarkerfi að auki.

Árið 2012 vann fyrirtækið forvarsla.is úttekt á ástandi safngripa sem notuð hefur verið til

leiðbeiningar við fyrirbyggjandi forvörslu hjá safninu. Gengið hefur verið frá safnmunum í öskjum og sýrufrír pappír hafður utan um. Allt er það gert til að tryggja varðveislu til framtíðar. Meðfylgjandi ljósmynd sýnir Ingu Hlín Valdimarsdóttur safnvörð fægja ljósahjál Magnúsar Einarssonar koparsmiðs frá Vatnsholti í Flóa.

Rannsóknir

Hluti af starfseminni er öflun viðbótarupplýsinga um safngripa og ljósmyndir – og reyndar almennt um sögu og menningu alls héraðsins og úrvinnsla og vistun á þessum upplýsingum. Jafnframt hefur verið lögð mikil rækt við sögu Hússins á Eyrarbakka.

Árið 2013 fékk Byggðasafn Árnesinga styrk frá Safnasjóði til útgáfu á sögu Hússins á Eyrarbakka og fór safnstjóri því að rannsaka söguna að nýju eftir nokkurt hlé. Vann safnstjóri haustið 2013 að rannsóknnum og ritun

sögunnar og var jafnframt unnið að myndaritstjórn. Í janúar, febrúar og fram í mars var unnið að endanlegri útgáfu ritsins sem fór þá í umbrotsferli. Ritið Húsið á Eyrarbakka kom út í júní 2014.

Safnið hefur fengið styrk frá Húsafriðunarsjóði 2013 til að vinna húsakönnun í dreifbýli Árnessýslu. Vinna við könnunina hófst með því að farið var yfir Sunnlenskar byggðir I-III og Landsskrá fasteigna til að finna allar fasteignir í dreifbýli Árnessýslu byggðar 1940 og fyrr. Þar sem ekki fannst rágjafi til að vinna könnunina féll styrkurinn niður en verkefnið verður tekið upp aftur þegar hentugur aðili finnst til að halda utan um það.

Saga Kirkjubæjar hefur verið rannsökuð á árinu 2014 og mun afrakstur þess rannsóknarstarfs hægt að finna á sýningum safnsins í Kirkjubæ í framtíðinni.

Á árinu var það nýmæli við safnið að skráð voru þjóðhættir og þannig varðveitt gögn sem varpa ljósi á siði, venjur og lífshætti í Árnessýslu. Fyrsta verkefnið við þjóðháttaskráninguna var að skrá jarðskjálftasögur Sunnlendinga frá árinu 2008 í gagnagrunn. Byggðasafnið stóð fyrir umfangsmikilli söfnun reynslusagna í kjölfar skjálftans mikla og bárust alls 70 frásagnir, 27 örsögur og 202 teikningar barna ásamt nokkrum ljósmyndum. Verkefnið flokkast undir samtímasöfnun þar sem safnað var upplifun og reynslu fólks af sínum samtíma. Fleiri gögn sem snúa að lífsháttum bæði fornum og nýjum bíða skráningar og verða með tímanum aðgengileg á vefsíðu Sarps www.sarpur.is Linda Ásdísardóttir safnvörður hafði umsjón með þjóðháttaskráningunni.

Aðrar rannsóknir eru m.a. gerðar á sögu safnanna og einstaka sinnum af einskærum áhuga og af frumkvæði starfsmanna og má gjarnan finna afrakstur þessi í miðlunarefni safnsins hvort sem það er í sýningatextum eða mæltu máli til gesta. Miðlun til safngesta í sýningum, í ávarpi og á vefsíðunni www.husid.com er afrakstur rannsóknarstarfs Byggðasafns Árnesinga. Starfsmenn safnsins taka á móti mörgum tugum hópa á hverju ári og miðla í hvert sinn fróðleik um Húsið og safnmunina til fróðleiksfúsra gesta. Sú miðlun væri ekki möguleg nema fyrir afrakstur rannsókna.

Linda Ásdísardóttir sat í stýrihóp Norsam, netverk samtímasöfnunar og -rannsókna á Norðurlöndum árið 2014. Sótti hún einn fund á árinu en var í netsambandi að öðru leyti. Unnið hefur verið við samtímasöfnun við Byggðasafn Árnesinga allt frá árinu 1999 og hefur safnið verið mjög virkt á þessu vettvangi undanfarin ár, bæði með sýningarhaldi og þátttöku í stórum samstarfsverkefnum með góðum árangri.

Sýningar, viðburðir og önnur miðlun 2014

Miðlun á vegum Byggðasafns Árnesinga og Sjóminjasafnsins á Eyrarbakka fer aðallega fram í gegnum grunnsýningar safnanna í Húsinu á Eyrarbakka og í sýningahúsi að Túngötu 59. Ákveðnu rými í báðum söfnunum er ætlað til sérsýninga og skal hér greint frá þeim og sömuleiðis helstu viðburðum sem í boði voru á söfnunum.

Á þorra var boðið upp á sýningu um þorrann fyrir elstu deildir leikskóla og yngstu bekkir grunnskóla.

Vorið 2013 var opnuð sýningin **Handritin alla leið heim – skáldskaparfræði** í tilefni af 350 ára afmæli Árna Magnússonar handritasafnara. Sýningin var samstarfsverkefni safnsins og Árnastofnunar. Sýningin fjallar um söfnunarstarf Árna Magnússonar handritasafnara. Til sýnis var eftirgerð af handritinu Skáldskaparfræði sem Árni fékk senda frá sr. Halldóri Torfasyni presti í Gaulverjabæ árið 1691. Í handritinu er m.a. Snorra-Edda. Sýningin var styrkt af Menningarráði Suðurlands. Sýningin stóð í Assistentahúsinu fram á sumar 2014. Á ársfundi Árnastofnunar í maí flutti Lýður Pálsson safnstjóri erindi um örsýninguna.



Þórdís Símonardóttir
Ljósmóðir. (Ljósm. Sigfús
Eymundsson/ Þjms)

Ákveðið var að framlengja sýninguna **Ljósan á Bakkanum** sem opnuð var vorið 2013. Sýningin fjallar um líf og störf Þórdísar Símonardóttur, ljósmóður á Eyrarbakka 1883–1926. Á sýningunni er sjónum beint að aðstæðum fæðandi kvenna á þessum tíma, starfsaðstæðum og kjörum ljósmæðra, sem flestar urðu að vinna önnur störf meðfram ljósmóðurstarfinu. Þórdís flutti á Eyrarbakka 1883 tæplega þrítug að aldri, bjó þar í hálfa öld og sinnti lengst af ljósmóðurstörfum. Vegna góðar viðtöku gesta var ákveðið að framlengja sýninguna til 30. september 2014. Sýningin var styrkt af Menningarráði Suðurlands og Safnaráði.

Leynardómar Suðurlands 26. mars – 6. apríl. Sérofnun var hjá safninu í tilefni viðburðardaganna Leynardómar Suðurlands sem Samtök sunnlenskra sveitarfélaga stóð að þar sem kynntir voru fjölmargir leynardómar Suðurlands. Húsið og Eggjaskúr voru opin alla viðburðadagana frá 12 – 17. Báðar helgarnar var hægt að slá tvær flugur í einu höggi fyrir 1000 krónur, koma í safnið og rölta svo yfir kirkjutorgið og fá sér kaffi og köku í veitinga- og kaffihúsinu Rauða húsinu. Beitningaskúrin var opinn báðar helgar frá 12-17 og frír aðgangur. Hópsöngur var í Húsinu 5. apríl kl. 20.00 við undirleik Örlýgs Benediktssonar. Þeir sem hafa upplifað hópsöng í gömlu stofunni vita að fátt kemst í hálfkvisti við þá upplifun.



Vorfuglar í Eggjaskúrnum. Laugardaginn 12 apríl kl. 14 opnaði Hallur Karl Hinriksson sýningu á vorfuglum í Eggjaskúrnum á Eyrarbakka, í tilefni af vorkomunni og páskunum.

Eggjaskúrin er hluti af Húsinu á Eyrarbakka og eru þar jafnan til sýnis fuglar og egg úr náttúru landsins. Sýningin stóð yfir dagana 12.- 21. apríl og opin milli klukkan 12 og 17.

Hallur Karl Hinriksson er 32 ára myndlistarmaður búsettur á Eyrarbakka. Hann sýndi kolateikningar á sýningunni, en slíkt hafði hann ekki áður sýnt. Aðspurður um málið sagði hann að kolateikningarnar fari jafnan undir olíulit þegar hann undirbýr málverk sín. Hann sjái alltaf nokkuð eftir kolateikningunum og fagni því tækifæri að sýna hreinræktaðar kolateikningar á pappír. „Þetta eru áhyggjulausar stúdíur af fuglum, hröð teikning með kolamolum og puttum. 40.000 ára gömul aðferð hellarmálaranna, og svipað viðfangsefni. Myndlist af elstu gerð.“ Hallur Karl er myndlistarmenntaður í Frakklandi og kom heim úr námi 2005. Síðan þá hefur hann sýnt reglulega, meðal annars á Eyrarbakka og í Gallerí Fold í Reykjavík. Hann hefur að langmestu leyti fengist við að mála abstraktmálverk en hefur líka gert stöku landslagsmynd. Í ár hefur hann hinsvegar



mánuði. Þar verður sýning á híbýli alþýðufólks milli stríða.

fengist við stórar og litríkar dýra- og jurtamyndir með miklu rými fyrir túlkun áhorfandans.

Byggðasafn Árnesinga tók sem áður þátt í **menningarhátíðinni Vori í Árborg**. Opið var í Húsinu og Sjóminjasafninu kl. 13-17 dagana 24.-27. apríl. Jafnframt opið hús í nýuppgerðum Kirkjubæ. Fjöldi manns kom að skoða nýuppgert hús. Ratleikur var á laugardegi. Ókeypis aðgangur var að söfnunum þessa daga. Meðfylgjandi ljósmynd er af Kirkjubæ sem iðnaðarmenn höfðu verið að gera upp síðustu

Sumartími gekk í garð hjá söfnunum á Eyrarbakka, Húsinu og Sjóminjasafninu 1. maí og var opið til 30. september. Þar var opið alla daga kl. 11-18 og eftir samkomulagi á öðrum tímum. Hið stórmerka 18. aldar hús var sem fyrr aðal aðdráttaraflið og í Sjóminjasafninu hinn einstaki gripur áraskipið Farsæll.



Hafið svo blátt. Gestir gátu frá sumarbyrjun skoðað

úrval blárra gripa sem voru veiddir úr geymslu safnsins og færðir saman á litla sýningu í forsal Sjóminjasafnsins á Eyrarbakka. Gripirnir voru frá ólíkum tímum og komu víða að úr Árnessýslu. Elsti gripurinn skápur frá 17. öld sem er upprunninn frá Skálholti á tímum biskupa og yngsti gripurinn gæti verið þjóðbúningadúkka frá síðari hluta 20. aldar. Eftirtektarverður gripur er handsnúinn þvottavél úr timbri frá 19. öld. Liturinn einn réði vali þessara gripa því blátt kökubox, blár lampi og blá húfa segja enga sameiginlega sögu en eru samt markverðir gripir úr fortíðinni. Þeir gæjast nú fram úr geymslunni og sýna sig í smástund.

Jónsmessuhátíðin á Eyrarbakka var haldin laugardaginn 21. júní og var þá líf og fjör. Dagskrá var fyrir börn og fullorðna við Sjóminjasafnið um morguninn. Brúðuleikhúsið kom og flutti leikrit. Um daginn var kýló á Kaupmannstúninu og um kvöldið sungu hátíðargestir saman í stásstofu Hússins samkvæmt hefð svo undir ómaði við undirleik Heimis Guðmundssonar sem spilaði á píanóið forna. Skólasöngvar sem sungið var eftir og Magnús Karel Hannesson hafði umsjón með voru gefnir út í endurbættu formi. Á Jónsmessuhátíðinni á Eyrarbakka voru Beitningaskúrin og Kirkjubær opnir almenningi til sýnis.

Safnadagurinn 2014 – Söguganga og frír aðgangur. Íslenski safnadagurinn var haldinn sunnudaginn 13. júlí og söfn landsins buðu þá gesti sína sérlega velkomna til að vekja athygli á fjölbreytilegri starfsemi safna. Á Eyrarbakka leiddi sagnfræðingurinn Eyrún Ingaðóttir fjölmenna sögugöngu um slóðir Þórdísar Símonardóttur ljósmóður og hófst gangan við Byggðasafn Árnesinga í Húsinu kl. 14.00. Tækifærið var notað til að kynna sérsýningar safnanna en ókeypis var á söfnin þennan dag. Safnadagurinn er haldinn til að vera ferðalöngum og heimafélki hvatning til að gefa söfnum sérstakan gaum.

Aldamótahátíð á Eyrarbakka var haldinn að forgöngu áhugafólks um aldamótahátíð 9. ágúst. Dagskráin var með aldamótasniði með skruðgöngu, kappslætti, fornbílaakstri, sýningum, söngvum og dansi auk þess sem blásið var til brúðkaups hænu og hana í Samkomuhúsinu Stað. Aldamótaaðgangseyrir var að söfnunum og túnið opið sem vettvangur dagskráratriða sem og torgið fyrir kjötsúpuát. Í Kirkjubæ var boðið upp á fræðsluerindi um kúmen sem fjöldi manns sótti. Gamli slökkvibíllinn sem notaður var á Eyrarbakka um og eftir miðja síðustu öld var með í skruðgöngunni frá barnaskólanum að Húsinu. Þar var honum lagt og hafður til sýnis.

Eyrarbakki í hnotskurn. Í Eggjaskúrnum við Húsið á Eyrarbakka var sýning á vatnslitamyndum eftir Eyrúnu Óskarsdóttur frá Hjallatúni á Eyrarbakka.

Myndefnið var Eyrarbakki í hnotskurn og sett upp í tilefni aldamótahátíðarinnar. Sýningin stóð frá 9. til 16. ágúst. Eyrún segir sjálf frá: „Sem barn var ég alltaf að teikna og lita, krotaði á öll blöð og pappíra sem hönd á festi og þegar fram liðu stundir dreymdi mig um að verða myndlistarkona. Einhvern veginn æxluðustu hlutirnir nú á annan veg. Síðan þá hef ég farið kringum þennan draum eins og köttur um heitan graut, lauk námi við Kennaraháskólann



með myndmenntakennslu sem aðalvalgrein (1996) lauk síðan grunnmenntun í listfræði í HÍ (2008) og MA gráðu í listasögu í Danmörku (2011). Ég hef í sjálfu sér ekki hlotið formlega menntun í myndlist, en hef sótt ýmiss námskeið og þess háttar bæði hér á landi og í Danmörku. Að mestu leyti er ég því sjálfmenntuð og dunda mér við að mála og teikna af einskærri sköpunargleði. Þetta er ósköp hefðbundin „natúralísk“ myndlist sem hér er

fram borin sem er vel við hæfi í þessu húsi og á aldamótahátíð, því í upphafi 20. aldar höfðu Íslendingar almennt haft lítil kynni af framúrstefnulegri list sem þá var að ryðja sér til rúms í Evrópu.“

Sagnakvöld. Indjáninn Larry Spotted Crow Mann var með sagnakvöld í Húsinu 9. september. Larry Spotted Crow Mann er af ættflokki Nipmuc Indjana frá Massachusetts í Bandaríkjunum. Hann er rithöfundur, skáld, sögumaður og trommari. Hann heldur fyrirlestra hvaðanæfa í heiminum, þar sem hann hvetur fólk til



meðvitundar um stöðu Indjana og náttúrunnar. Hann er einnig þekkur fyrir að hjálpa ungum Indjám til betra lífs eftir áfengis- og vímuefnavanda. Larry gaf nýverið út bókina “The Mourning Road to Thanksgiving”, sem er saga sem segir af

raunverulegum vanda Indjana í núverandi menningarheimi Bandaríkjanna. Með honum kom einnig fram dúettinn UniJon en þau léku nokkur lög af plötu sinni Morning Rain.

Byggðasafn Árnesinga var þátttakandi í Safnahelgi á Suðurlandi 2.-4. nóvember. Sýningar safnsins í Húsinu voru opnar upp á gátt og boðið upp á leiðsögn um þær. Eftirfarandi dagskráratriði voru í boði á safnahelginni:

Sjómannslífið áður fyrr. Laugardaginn 1. nóvember fór Siggeir Ingólfsson með gesti í gönguferð frá Sjóminjasafni að beitningaskúr og sagði frá sjómannslífinu við ströndina. Linda Ásdísardóttir safnvörður var með leiðsögn um Sjóminjasafnið áður en lagt var af stað í gönguna.



Þann sama dag var haldin tónlistardagskráin **Hús og tónar**. Elín Gunnlaugsdóttir tónskáld færði gestum ljúfa tónlist um hús og fugla. Dagskráin skiptist í tvo hluta. Fyrst var flutt tónlist Elínar úr heimildarmynd um Húsið og var sá flutningur studdur með textum og myndum úr bókinni Húsið á Eyrarbakka eftir Lýð Pálsson. Flytjendur voru: Hildigunnur Halldórsdóttir, fiðla, Sigurður Halldórsson, selló og Örn Magnússon, píanó. Í seinni hluta dagskrár söng Gissur Páll Gissurarson tenór

fuglalög eftir Ingunni Bjarnadóttur við undirleik Arnar Magnússonar. Ljóðin eru eftir Kára Tryggvason en bæði hann og Ingunn tilheyrðu skálda- og listamannanýlendu Hveragerðisporps á 20. öld. Lög Ingunnar voru útsett af Elínu Gunnlaugsdóttur. Um leið og lögin voru sungin voru sýndar nýjar fuglamyndir eftir myndlistarmanninn Hall Karl Hinriksson. Dagskráin var styrkt af Menningarráði Suðurlands.

Vesturfarasýning opnuð í Assistentahúsinu. Ný sýning um Vesturfara frá Suðurlandi opnaði á efri hæð Assistentahúsins sunnudaginn 2. nóvember. Sagt er frá fyrstu ferðum og fólkinu sem skildi eftir eftir sig fallega muni sem eru í vörslu Byggðasafns Árnesinga. Á sýningunni eru m.a. munir úr fótum Magnúsar Einarssonar

koparsmiðs frá Vatnsholti í Flóa, Ingibjargar Jónsdóttur frá Gaulverjabæ, Eiríks Ólafssonar frá Brúnum og Halldórs Einarssonar tréskurðarmeistara frá Brandshúsum. Sýningin er styrkt af Menningarráði Suðurlands og Safnaráði. Sýning verður hluti af grunnsýningu Byggðasafns Árnesinga. Hildur Hákonardóttir hafði umsjón með sýningunni en hún naut aðstoðar starfsmanna safnsins við verkið.

Gestir gátu snætt sér á kartöfluköku sem er bökuð úr kartöflum úr Húsinu og dreypt á kaffi á sunnudeginum. Einnig mátti grípa með sér bláa íslenska kartöflu í útsæði.

Útgáfuhátíð bókarinnar **Húsið á Eyrarbakka** eftir Lýð Pálsson safnstjóra var haldin sunnudaginn 2. nóvember kl. 16. Lýður kynnti bókina og las upp úr henni valda kafla. Bókin var til sölu á sérstöku kynningarverði. Sérstakir gestir útgáfuhátíðarinnar voru rithöfundarnir Bjarni Harðarson og Guðmundur Brynjólfsson sem kynntu nýjar



Ljós. Björn Ingi Bjarnason

bækur sínar. Léttar veitingar voru í boði að bókakynningum loknum.

Bókaupplestur og jólasýning í Húsinu. Fjórir rithöfundar lásu úr verkum sínum í Húsinu á Eyrarbakka laugardaginn 6. desember kl. 16.00 í stásstofunni. Guðrún Guðlaugsdóttir las úr skáldsögu sinni *Beinahúsið* og Eggert Þór Bernharðsson kynnti búskap í Reykjavík á 20. öld

með bókinni *Sveitin í sálinni*. Allt annan tón kveður við í Reykjavíkursögunni *Rogastans* sem

Ingibjörg Reynisdóttir las úr. Lesið var úr æviminningum Jóhönnu Kristjónsdóttur sem ber heitið *Svarthvítir dagar*. Tvíburasysturnar og barnabarnabörn Jóhönnu þær Jóhanna Líf og Alexía Sól Kristjánsdætur lásu. Á meðfylgjandi mynd kynnir Lýður Pálsson safnstjóri Eggert Þór Bernharðsson sem sýndi fjölmargar ljósmyndir á skjá.


Jólasýning Byggðasafns Árnesinga í Húsinu Eyrarbakka var opin sama dag frá kl 14.00 til 16.00. og var jólakaffi á boðstólunum.

Bókin **Húsið á Eyrarbakka**

Bókin ***Húsið á Eyrarbakka*** eftir Lýð Pálsson safnstjóra kom út úr prentsmiðju 20. júní. Vann Lýður að bókinni frá október 2013 til mars 2014 þegar bókin fór í uppsetningu. Hún er afrakstur rannsókna í 20 ár. Í fréttatilkynningu segir eftirfarandi: „Bókin segir sögu íbúanna í Kaupmannshúsinu á Eyrarbakka frá árinu 1765 til dagsins í dag og tengir við sögu samfélagsins í heild. Húsið er merkur minnisvarði um dönsk áhrifa á Suðurlandi bæði á atvinnu- og menningarlíf ásamt því að vera stórbróttin bygging. Kaupmannshjónin og húsráðendur Hússins, Guðmundur Thorgrímson og Sýlvía kona hans, ríktu á tímum gullaldar á Eyrarbakka um miðja 19. öld en í upphafi 20. aldar fengu seinni kynslóðir kaupmanna annan veruleika að glíma við. Þeirra saga fær mikið pláss í bókinni enda ferlinn þeirra farsæll og saga afkomenda þeirra áhugaverð. Þar er ekki síst að

nefna barnabarn þeirra Guðmundu Nielsen, kaupmann, tónskáld með meiru. Í Húsinu bjuggu þó ekki aðeins kaupmenn og vinnuhjú þeirra heldur var þar fjölbeytt búsetufyrirkomulag þar til síðasti ábúandinn Auðbjörg Guðmundsdóttir eignast húsið 1979. Fjölmargir dvöldu þar um lengri eða skemmri tíma eins og listafólk, tónskáld, rithöfundar, alþýðufólk, hermenn og ljómyndari. Húsið er í dag sýningarhúsnæði Byggðasafns Árnesinga og þar er sögð margbrotin saga sýslunnar.

Bókin er afrakstur rannsókna Lýðs yfir langt tímabil og inn í fróðlega sagnfræði fléttar hann skemmtilegum frásögnum og viðburðum úr sögu Hússins. Bókinni var tekið fagnandi enda margir beðið eftir slíku riti. Bókin er í stóru broti, prýdd fjölda ljósmynda, litprentuð og á 80 síðum. Sylvía Kristjánsdóttir sá um hönnun og umbrot en Oddi prentaði. Byggðasafn Árnesinga gefur bókina út.“



Safnasjóður og Kaupmannasamtök Íslands styrktu gerð bókarinnar en Sæmundur bókaútgáfa á Selfossi sá um að dreifa bókinni til helstu bókaverslana landsins. Bókin var að sjálfsögðu til sölu í afgreiðslu Hússins á Eyrarbakka og seldist talsvert af henni þar. Upplag var 750 eintök.

Sjóminjasafnið á Eyrarbakka

Byggðasafn Árnesinga rekur Sjóminjasafnið á Eyrarbakka fyrir Sveitarfélagið Árborg samkvæmt þjónustusamningi. Eignasvið Árborgar hefur umsjón með fasteignum safnsins og er kostnaður við viðhald og lóðir utan samningsins.

Sjóminjasafnið á Eyrarbakka tekur þátt í starfi Sambands íslenskra sjóminjasafna en markmið SÍS er að vera sameiginlegur vettvangur sjóminjasafna um sín mál, einkum á sviði söfnunarstefnu, kynningarmála og erlendra samskipta.

Í forsal Sjóminjasafnsins var á árinu 2013 sett upp skjásýning með ljósmyndum af gömlum vélbátum frá Eyrarbakka. Um var að ræða stafræna endurvinnslu á sýningu frá árinu 1997 sem Sjóminjasafnið á Eyrarbakka stóð fyrir í Samkomuhúsinu Stað á Eyrarbakka um sögu vélbátanna á Eyrarbakka. Máni ÁR 70 ehf gaf vandaðan skjá til að sýna myndirnar. Á veggnum við hliðina var sett upp örsýningin Hafið svo blátt.

Beitningaskúrinn sem opnaður var árið 2013 var opinn eftir samkomulagi og á hátíðinni Leynardómar Suðurlands og á Jónsmessuhátíðinni á Eyrarbakka. Hópar sem fá leiðsögn um Eyrarbakka líta gjarnan við í Beitningaskúrnum.

Sýningin í Beitningaskúrnum vekur athygli á sögu hans, vélbátaútgerðar á Eyrarbakka og einnig frá vinnuaðferðum og sögum frá þeim sem þar unnu. Þar var síðast beitt um 1960. Beitningaskúrin var gefinn Sjóminjasafninu á Eyrarbakka 1991. Hann var gerður upp með styrk frá Húsafriðunarsjóði á árunum 1992 og 1993. Við viðgerðina kom í ljós útflattur bátur á vesturhlið hans og var ákveðið að hafa hann sem ystu klæðingu á þeim vegg. Beitningaskúrin vekur því mikla athygli fyrir sérstakt útlit.

Báturinn Auðunn ÁR 47 var fjarlægður af lóð Beitningaskúrsins. Hann var fenginn til safnsins sem skraut við Beitningaskúrin en báturinn með tíð og tíma hætti að vera það prýði sem áður var. Báturinn er ekki lengur í eigu Sjóminjasafnsins.

Gamli slökkvibíllinn sem er í eigu Sjóminjasafnsins á Eyrarbakka er haldið við og er hann gangfær. Honum var ekið um Eyrarbakka á Aldamótahátíðinni á Eyrarbakka í ágúst. Bílaáhugamennirnir Emil Guðjónsson og Guðlaugur Gunnar Jónsson tóku að sér að gera bílinn upp fyrir safnið og tóku þeir slökkvibílinn í vörslu sína sumarið 2012. Þeir hafa síðan haldið bílnum við og lagfært eftir þörfum.

Síðla sumars var farið að skipta um bárujárn á þaki Sjóminjasafnsins á Eyrarbakka. Einnig var gengið frá þakskeggi og nýjum rennum og niðurfallsrörum. Verkið vann Superbygg fyrir Sveitarfélagið Árborg.

Þuríðarbúð hefur einnig verið hluti af Sjóminjasafninu – og Byggðasafni Árnesinga sem heldur utan um muni Þuríðarbúðar. Umsjón með umhverfi Þuríðarbúðar hefur umhverfissvið Árborgar en viðhald búðarinnar er í höndum framkvæmda- og veitusviðs Árborgar.

Sveitarfélagið Árborg hefur sótt um styrki til að gera upp búðina sem látið hefur á sjá undanfarin ár. Jafnframt hefur safnið lagt fram áætlun um sýningahald í Þuríðarbúð. Guðjón Kristinsson lauk



við viðgerðir á Þuríðarbúð snemma ársins. Eftir er að setja glugga í ljóra og ganga frá útihurð. Síðan stendur til að setja í búðina muni sem henni tilheyrir og hafa verið varðveittir hjá Byggðasafni Árnesinga um langt skeið.

Rjómabúið á Baugsstöðum

Byggðasafn Árnesinga er þriðjungs eigandi að Rjómabúinu á Baugsstöðum. Rjómaskálahúsið var friðlýst af menningar- og menntamálaráðherra árið 2005 þegar búið varð 100 ára. Byggðasafn Árnesinga sér um daglegan rekstur þess en rjómabúið er rekið á sérstakri kennitölu og er með sér reikningshald.

Andri Erlingsson sá um gæslu í rjórabúinu um helgar í júlí og ágúst. Siggeir Ingólfsson hefur einnig lykla að rjórabúinu, opnaði hann fyrir nokkrum hópum og sinnti smávægilegu viðhaldi.



Úr Rjórabúinu á Baugsstöðum. (Ljósm. Gunnar Sigurgeirsson)

Í október var skurðurinn sem liggur að rjórabúinu grafinn upp enda gekk illa að fá nægilegt vatn að til að knýja vélar búins.

Styrkur fékkst frá Húsafriðunarsjóði til að lagfæra eina hlið á húsinu. Í desember komu þeir bræður Guðmundur og Gísli Kristjánssynir og skiptu um bárujárn á

norðurhlið og lagfærðu fótstykki og fánastöng. Bárujárnið sem sett var á

rjórabúið um 1971 er farið að lýjast. Sömu leiðis eru gluggar farnir að láta á sjá. Verður það verkefni næstu ára að skipa um bárujárn og glugga eftir því sem fjárhagur leyfir.

Í stjórn Rjórabúsins á Baugsstöðum sitja Sveinn Sigurmundsson formaður, Lýður Pálsson gjaldkeri og Björn Harðarson ritari.

Til sölu í rjórabúinu er ritið Rjórabúið á Baugsstöðum 100 ára eftir Helga Ívarsson og Pál Lýðsson.

Gestafjöldi ársins 2014 varð 377 manns sem var eilíttu meiri fjöldi og árið áður. Árið 2013 komu 360 gestir í búið. Árið 2011 komu 278 gestir. Árið 2010 komu 465 gestir í Rjórabúið á Baugsstöðum en 602 gestir árið 2009. Leita þarf leiða til að efla aðsókn að búinu.



Samstarf

Á Alþingi voru á árinu 2011 samþykktir nýir lagabálkar á sviði þjóðminjavörslunnar sem munu hafa áhrif á starfsemi safnsins. Í þriðja kafla Safnalaga nr. 2011/141 er ítarlega fjallað um viðurkennd söfn og skilyrði fyrir að geta kallast viðurkennt safn. Samkvæmt lögnum geta einungis viðurkennd söfn sótt um styrki til Safnasjóðs. Lögin tóku gildi 1. janúar 2013. Reglugerð um viðurkenningu safna var undirtekið af ráðherra í október. Byggðasafn Árnesinga, eins og fjölmörg önnur íslensk söfn, sótti í nóvember 2013 um viðurkenningu Safnaráðs samkvæmt Safnalögum. Snemma ársins var samþykkt að tillögu safnaráðs að Byggðasafn Árnesinga væri viðurkennt safn og fékk af því tilefni bréf þess efnis undirritað af menningarmálaráðherra.

Þjóðminjasafn Íslands veitti margvíslega sérfræðiaðstoð þegar þess var þörf. Samstarf er á meðal Þjóðminjasafns Íslands og nokkurra minjasafna um allt landið um söfnun og skráningu samtímaminja eftir SAMDOK aðferðinni sem felst í skráningu á vettvangi frekar en söfnun gripa.

Byggðasafn Árnesinga er þátttakandi í gagnagrunni íslenskra minjasafna Sarpi.

Góð samskipti eru við Minjastofnun Íslands sem varð til með sameiningu Fornleifaverndar ríkisins og Húsafriðunarnefndar ríkisins með gildistöku nýrra þjóðminjalaga 1. janúar 2013.

Byggðasafn Árnesinga tekur þátt í starfsemi Samtaka safna á Suðurlandi sem eru grasrótarsamtök aðila sem starfa að menningamálum á Suðurlandi. Safnstjóri er gjaldkeri samtakanna.

Safnstjóri situr í stjórn Fischerssetursins á Selfossi sem fulltrúi Byggðasafns Árnesinga. Byggðasafn Árnesinga tók að sér skráningu á aðföngum Fischerssetursins um sumarið.

Fundir, námskeið og ráðstefnur

Báðir fastráðnir starfsmenn safnsins voru í háskólanámi meðfram vinnu. Lýður Pálsson lauk meistaranám í hagnýtri menningarmiðlun við HÍ um sumarið en bókinn Húsið á Eyrarbakka var hans lokaverkefni. Leiðbeinandi var Eggert Þór Bernharðsson prófessor. Linda Ásdísardóttir stundar MA-nám í safnafræði við Háskóla Íslands og á einungis lokaverkefnið eftir.

Farskóli íslenskra safnamanna var haldinn í Berlín dagana 14. – 18. september. Skoðuð voru söfn, setur, sýningar og forvörsluskóli. Lýður Pálsson og Linda Ásdísardóttir sóttu farskólann. Linda var jafnframt farskólastjóri farskólans sem var flókið verkefni sem leystist farsællega.

Starfsmenn safnsins sóttu ýmsa fundi sem haldnir voru og tengdust safnastarfi. Meðal annars fundur í október á vegum Safnaráðs um rannsóknir á söfnum, vörfund safnaráðs í apríl og fundir sem námsbraut í Safnafræði stóð að öðru hverju allt árið.

Kynningar- og markaðsmál

Ýmsar leiðir eru farnar til að koma safninu á framfæri. Það auglýsir víða, m.a. í sunnlenskum fjölmiðlum. Byggðasafn Árnesinga tók einnig þátt í sameiginlegri kynningu á íslenskum söfnum á RUV. Auglýst er í flestum bæklingum sem liggja frammi á ferðamannastöðum og sömuleiðis liggur bæklingur safnsins frammi á flestum stöðum á Suðurlandi.

Heimasíðan www.husid.com er haldið lifandi með uppfærslu fréttar af starfseminni og róteringu ljósmynda á forsiðu. Lítillega var bætt við efni

HÚSIÐ Á EYRARBAKKA
Húsið á Eyrarbakka

Þar eru margar og áhuga-
verðar sýningar um sögu
og menningu Árnessýsla,
fornfrægt plant, herbúðir,
úr mannsári og kúppur
kingsins eru meðal
sýningargripa.

Hýlögur og heimilislegur
andi er aðalmerki safnsins.

Sjóningjafnið á Eyrarbakka
er árskennt fró og þar er
áhersla á sjúðina og sögu
alþýðunnar í þorpum.

Tollfringurinn Farsall er
aðalsýningargripur safnsins.

Byggðasafn Árnesinga er staðsett í Húsinu, sögufægum bustað
kaupmanna sem var byggt 1765.

Húsið er eitt elsta hús landsins og glæsilegur minnisvarði þess tíma
er Eyrarbakki var einn helsti verslunarstaður landsins.

HÚSIÐ Á EYRARBAKKA
Byggðasafn Árnesinga

Opnumartímar: 1. maí - 30. sept. alla daga kl. 11 - 18 eða eftir samkomulagi
Sími: 483 1504 & 483 1082 | husid@husid.com | www.husid.com

um sögu Hússins á Eyrarbakka. Safnstjóri heldur utan um efni síðunnar. Bob van Duin á Eyrarbakka aðstoðar við að halda úti síðunni sem er í Wordpress-vefkerfinu. Síðan er hýst hjá 1984 ehf.

Sylvía Kristjánsdóttir grafískur hönnuður á Eyrarbakka sér um hönnun á auglýsingum safnsins.

Safnið er á Facebook og má í dag finna síðu þar undir heitinu „Húsið á Eyrarbakka – Byggðasafn Árnesinga“ og sömuleiðis halda hollvinir Hússins undir forystu Elínar Hansen í Minneapolis utan um síðuna „Descendants of The House (Húsið á Eyrarbakka)“. Safnið var kynnt með annarri ferðapjónustu á Eyrarbakka öðru hverju á árinu.

Safnið er þátttakandi í starfi Markaðsskrifstofu Suðurlands.

Kirkjubær

Í lok ársins 2011 keypti Byggðasafn Árnesinga húsið Kirkjubæ sem er rétt vestan við Húsið á Eyrarbakka.

Kirkjubær verður nýttur til sýningahalds og garðurinn umhverfis verður almenningsgarður. Arfi Helga Ívarssonar frá Hólum til Byggðasafns Árnesinga er varið til þessa verkefnis.

Kirkjubær er timburhús bárujárnslætt sem byggt var 1920 og með norðurbíslagi frá 1934. Áður en kom til kaupa á húsinu var gerð viðgerðar- og kostnaðaráætlun. Stjórn safnsins ákvað í kjölfarið að kaupa húsið og láta gera það upp í samræmi við niðurstöður hennar.

Á fundi stjórnar Byggðasafns Árnesinga þann 24. janúar 2012 var samþykkt að koma á fót hugmyndateymi um sýningahald í Kirkjubæ á Eyrarbakka. Auk þess var samþykkt að fá Jon Nordsteien arkitekt til hönnunarvinnu og að forgangsraða í viðgerðum Kirkjubæjar.

Á fundum hugmyndateymis var ákveðið að sýning í Kirkjubæ fjalli um heimili alþýðufólks á Eyrarbakka í kringum 1930. Sýningin myndi mótvægi við sýningu í Húsinu þar sem sýnt er heimili yfirstéttar. Hluti hússins verður notað sem móttöku- kennslu- fræðslu- og skemmtimenntunarrými. Í lok apríl 2012 var farið á fund Jóns Nordsteien og niðurstöður hugmyndateymisins kynntar fyrir honum.

Þá hófst vinna safnstjóra, smiðanna Gísla og Guðmundar Kristjánssona ásamt Joni Nordsteien við að lesa í húsið



um leið og allt „modern“ úr húsinu var fjarlægt, þ.e. seinni tíma viðgerðir og viðbætur. Fór sú vinna fram öðru hverju fram í september 2012. Á grundvelli þess sem innri viðir hússins gáfu í ljós vann Jon Nordsteien nýjar teikningar að Kirkjubæ. Teikningar voru lagðar fyrir stjórn Byggðasafns Árnesinga og Skipulags og bygginganefnd Árborgar í september 2013. Garðinum var haldið í horfi og var fyrsta skrefið að skrá niður plönturnar í garðinum eins og hann er núna. Eftir á að

taka ákvörðun um hvernig hann verður hannaður. Siggeir Ingólfsson, Linda Ásdísardóttir og Súsanna Torfadóttir héldu garðinum í horfinu.

Árið 2013 var Kirkjubær gerður upp að utan og tóku Gísli og Guðmundur Kristjánssynir verkið að sér. Viðgerðum á Kirkjubæ lauk vorið 2014. Sem áður sáu Gísli og Guðmundur um viðgerðir auk undirverktaka. Settur nýr panill á suðurbíslag og nýr veggur fyrir snyrtingu. Settur upp veggur sem afmarkar eldhús og stofu í miðrymi, ný eldhúsinnrétting var sett upp, málning sköfuð af gólfi og veggir málaðir. Í skemmu (norðurbíslagi) var grind á þaki lagfærð, nýr stigi og handrið sett upp, settir nýjir plankar á loft og gólfið flotað að nýju. Settar voru inn nýjir pottofnar og pípulagnir auk forhitara. Skipt var um raflagnir. Jon Nordsteien var arkitekt viðgerða.

Snemma árs 2014 var leitað ráðgjafar Hjörleifs Hjartarsonar um gerð sýningar í Kirkjubæ. Hann mun semja með starfsmönnum safnsins texta sýningarinnar sem sett verður upp í Kirkjubæ vorið 2015 og telst hann handritshöfundur sýningarinnar. Hjörleifur kom á tvo fundi í febrúar þar sem lögð voru drög að sýningu í Kirkjubæ – Hús draumanna. Með honum funduðu Lýður Pálsson, Linda Ásdísardóttir og Inga Hlín Valdimarsdóttir. Í fundargerð hópsins segir: „Hópurinn velti fyrir sér notkun sýningarrýmis með svefnherbergi, eldhús og stofu í huga. Ákveðið að þessi rými eru aðeins að litlum hluta sýnd sem vistarverur en að stærsta hluta notuð sem sýningarrými fyrir uppstillta sýningu. Nálgun á sýningu verður út frá hugmyndinni um að eiga sér draum og að framundan sé tími framfara þar sem draumar rætast. Nokkrar leiðir verða notaðar til að sýna framfarir, sumar sannar í tíma þar sem fortíðinni er ýtt burt fyrir nýjungum en einnig farið þá leið að skálda drauma heimilisfólks um hvað gæti orðið.“

Héraðsnefnd og fagráð

Héraðsnefnd Árnesinga bs er eigandi Byggðasafns Árnesinga. Sveitarfélögin sem standa að Héraðsnefnd Árnesinga eru: Sveitarfélagið Árborg, Hveragerðisbær, Sveitarfélagið Ölfus, Bláskógabyggð, Hrunamannahreppur, Grímsnes- og Grafningshreppur, Skeiða- og Gnúpverjahreppur og Flóahreppur. Aðalverkefni Héraðsnefndar Árnesinga er rekstur nokkurra stofnanna á héraðsvísu.

Héraðsnefnd Árnesinga skipar fagráð til eins árs í senn. Arna Ír Gunnarsdóttir er formaður fagráðs, einnig eru í fagráðinu Róbert Hlöðversson og Eva Marín Hlynsdóttir. Um mitt ár gekk Eva Marín úr stjórn og inn kom Valgerður Sævarsdóttir. Til vara eru Eggert Valur Guðmundsson, Guðmundur Oddgeirsson og Halldóra Hjörleifsdóttir.

Fagráðsfundir urðu fjórir á árinu. Fagráðsformaður er jafnframt í framkvæmdastjórn Héraðsnefndar Árnesinga. Á fundum fagráðs eru tekin fyrir mál sem safnstjóri undirbýr fyrir fundinn í samráði við fagráðið. Einnig mál sem fagráðsmenn leggja fram áður en kemur til fundar og rúmast ekki innan starfs- og rekstraráætlunar.

Helstu tölur úr rekstrarreikningi 2014

Rekstrartekjur	Þús. kr.
Héraðsnefnd Árnesinga framlag	21.600
Safnasjóður, rekstrarframlag og verkefnastyrkir	2.000
Sveitarfélagið Árborg, v. Sjóminjasafns	4.930
Aðgangseyrir og ýmsar tekjur	1.639
Styrkir og önnur framlög	564
Aðrar tekjur	235
Húsaleigutekjur	460
Menningarráð Suðurlands	800
Tekjufærðar tjónabætur	5.400
	37.629

Rekstrargjöld

Laun og launat. gjöld	26.637
Annar rekstrarkostnaður	8.351
Rekstur fasteigna	2.675
Afskriftir	857
	38.522

Hagnaður (Tap) fyrir fjármagnsliði (892)

Vextir og verðbætur 205

(Tap) ársins (687)

Eigið fé safnsins í fasteignum og bankainnistæðum nam 44 milljónum króna í árslok.

Eyrarbakka 1. apríl 2015,



Lýður Pálsson

safnstjóri.